

Minjastofnun Íslands

14 450

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Minjastofnun Íslands
kt. 440113-0280
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Minjastofnun Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar.

Meginhlutverk hennar er að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim. Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar svo sem fornminjar, menningarlandslag, kirkjugripir, minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, listmunir og nytjahlutir. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi. Lög um menningarminjar voru sett 2012 og tóku gildi 1. janúar 2013. Með lögnum voru sameinaðar tvær stofnanir, Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd. Stofnunin heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá 02-915.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 415,5 milljónir og afkoma kr. 42,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 36,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 335,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Minjastofnunar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

(undirritar rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	324.800.000	302.400.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	80.353.107	18.081.100
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	10.356.209	8.284.795
Tekjur samtals		<u>415.509.316</u>	<u>328.765.895</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	274.914.098	240.522.524
Annar rekstrarkostnaður	5	87.514.315	84.867.181
Afskriftir	6	10.356.209	8.284.795
Gjöld samtals		<u>372.784.622</u>	<u>333.674.500</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		42.724.694	(4.908.605)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		5	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(95.649)	(49.628)
		<u>(95.644)</u>	<u>(49.628)</u>
Afkoma ársins		<u><u>42.629.050</u></u>	<u><u>(4.958.233)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		14.226.474	12.855.207
Farartæki og vélar		10.838.916	16.371.423
Aðrar eignir		84.000	84.000
Fastafjármunir samtals		<u>25.149.390</u>	<u>29.310.630</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.900	0
Tengdir aðilar	8	309.248.842	221.402.885
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		749.959	0
Veltufjármunir samtals		<u>310.000.701</u>	<u>221.402.885</u>
Eignir samtals		<u><u>335.150.091</u></u>	<u><u>250.713.515</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		36.636.862	(5.992.188)
Eigið fé samtals		<u>36.636.862</u>	<u>(5.992.188)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	824.101	1.325.790
Viðskiptaskuldir		3.817.125	3.511.330
Ýmsar skammtímaskuldir	10	276.788.182	225.328.553
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	17.083.821	26.540.030
Skuldir samtals		<u>298.513.229</u>	<u>256.705.703</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>335.150.091</u></u>	<u><u>250.713.515</u></u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		42.629.050	(4.958.233)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	10.356.209	8.284.795
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(10.356.209)	(8.284.795)
		<u>42.629.050</u>	<u>(4.958.233)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(751.859)	176.000
Tengdir aðilar		(93.642.615)	(17.659.190)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		51.765.424	22.441.423
		<u>(42.629.050)</u>	<u>4.958.233</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(6.194.969)	(4.792.403)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	662.999
		<u>(6.194.969)</u>	<u>(4.129.404)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		5.294.969	3.229.404
Fjárfestingarframlag		900.000	900.000
		<u>6.194.969</u>	<u>4.129.404</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	324.800.000	302.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	10.356.209	8.284.795
	<u>335.156.209</u>	<u>310.684.795</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	322.400.000	0	0	322.400.000
Launabætur	2.100.000	0	0	2.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	300.000	0	0	300.000
Fjárveiting til tekna	324.800.000	0	0	324.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(282.170.950)	0	0	(282.170.950)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	42.629.050	0	0	42.629.050

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	344.000	520.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	80.009.107	11.970.687
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	5.590.413
	<u>80.353.107</u>	<u>18.081.100</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	215.448.659	192.205.023
Orlof, breyting	10.022.164	3.524.041
Launatengd gjöld	48.109.250	42.115.990
Starfsmannakostnaður	1.334.025	2.677.470
	<u>274.914.098</u>	<u>240.522.524</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	20,9	23,4
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.536.414	975.596
Byggingarvörur, almennar	275.851	99.376
Byggingarvörur, aðrar	11.881	23.779
Tæki og búnaður til innréttinga	5.690	47.192
Ýmis tæki og áhöld	1.439.147	1.381.778
Varahlutir og viðhaldsvörur	46.573	8.755
Orkugjafir	3.274.536	2.956.269
Matvæli	2.644.558	1.973.341
Almennar rekstrarvörur	718.972	3.791.485
Vörukaup, almenn	<u>9.953.622</u>	<u>11.257.571</u>
Kennslu- og föndurvörur	0	43.226
Ýmsar sérgreindar vörur	108.013	165.725
Vörukaup, sérgreind	<u>108.013</u>	<u>208.951</u>

Skýringar

	2022	2021		
5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)				
Fundir, námskeið, risna	1.279.656	359.974		
Ferðir, uppihald	5.801.988	1.574.157		
Akstur	923.622	977.390		
Sérfræðipjónusta	24.917.496	14.978.325		
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	44.635	61.613		
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	799.779	619.869		
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.441.002	1.271.093		
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	35.208.178	19.842.421		
Afnotagjöld	7.280.310	7.134.719		
Leigugjöld	26.452.441	25.473.650		
Notkun véla og flutningatækja	615.908	739.436		
Verkkaup	6.226.690	18.771.916		
Kostnaðarhlutdeild	498.612	36.000		
Tryggingar, lögboðnar	890.321	1.093.354		
Opinber gjöld	280.220	309.163		
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	42.244.502	53.558.238		
Annar rekstrarkostnaður samtals	87.514.315	84.867.181		
6 Afskriftir				
Áhöld, tæki og búnaður	4.823.702	3.718.676		
Farartæki og vélar	4.061.922	4.566.119		
Sölutap og úreilt eignir	1.470.585	0		
	10.356.209	8.284.795		
	31.12.2022	31.12.2021		
7 Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður	14.226.474	12.855.207		
Farartæki og vélar	10.838.916	16.371.423		
Aðrar eignir	84.000	84.000		
	25.149.390	29.310.630		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	36.795.083	40.691.097	84.000	77.570.180
Viðbætur á árinu	6.194.969	0	0	6.194.969
Selt/úreilt á árinu	0	(5.041.975)	0	(5.041.975)
	42.990.052	35.649.122	84.000	78.723.174
Afskriftir 01.01.2022	23.939.876	24.319.674	0	48.259.550
Afskrift ársins	4.823.702	4.061.922	0	8.885.624
Selt/úreilt á árinu		(3.571.390)		(3.571.390)
	28.763.578	24.810.206	0	53.573.784
Staða 31.12.2022	14.226.474	10.838.916	84.000	25.149.390

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	141.791.321	99.795.198
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	167.457.521	121.607.687
	<u>309.248.842</u>	<u>221.402.885</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	824.101	1.325.790
	<u>824.101</u>	<u>1.325.790</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(5.992.188)	(1.033.955)
Afkoma ársins	42.629.050	(4.958.233)
Jöfnuður 31.12.	<u>36.636.862</u>	<u>(5.992.188)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	40.580.685	30.558.521
Önnur ógreidd gjöld	236.207.497	194.770.032
	<u>276.788.182</u>	<u>225.328.553</u>

Skýringar

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	25.149.390	29.310.630
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(8.065.569)	(2.770.600)
	<u>17.083.821</u>	<u>26.540.030</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	29.310.630	(2.770.600)	26.540.030
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	900.000	900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.194.969	(6.194.969)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(10.356.209)	0	(10.356.209)
	<u>25.149.390</u>	<u>(8.065.569)</u>	<u>17.083.821</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 8,8 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og aðra ótímabundna samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 28,5 milljónum og aðrir samningar 3,0 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.